

Nr. 22.
16.
nóvbr.

Lög

um

umsjón og fjárhald kirkna. •

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hverja þá ljenskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutað-eigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskipti. Sje það samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki hjeraðsfundur og biskup.

Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuð-inum, þó að presturinn sje því ekki samþykkur, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr.

Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki hjeraðsfundar og biskups kemur til.

3. gr.

Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektar-mönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fje hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleidis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

Nr. 22. Lög 16. nóvember um umsjón og fjárhald kirkna.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Tilsynet med og Værgemaalet for Kirker.

Nr. 22.

16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Tilsynet med og Værgemaalet for enhver Beneficiærkirke, for hvilken Værgemaalet endnu udøves af Sognepræsten, skal senest ved næste Vakance i Embedet tilbydes vedkommende Menighed. Naar Overtagelsen af Tilsynet og Værgemaalet vedtages paa et lovligt Menighedsmøde med over Halvdelen af de afgivne Stemmer, skal Kirken overleveres Menigheden, forudsat at Herredsmødet og Biskoppen meddeler Samtykke dertil.

Værgemaalet for en Beneficiærkirke kan ogsaa fratages Sognepræsten og Kirken overleveres Menigheden uden Præstens Samtykke, naar Herredsmødet og Biskoppen anser ham uskikket til at forvalte Kirkens Midler.

§ 2.

Naar Ejeren af en Proprietærkirke ønsker at overdrage til vedkommende Menighed Tilsynet med og Værgemaalet for Kirken, kan dette ske, naar Overtagelsen vedtages paa et lovligt Menighedsmøde med over Halvdelen af de afgivne Stemmer og Herredsmødet og Biskoppen dertil meddeler Samtykke.

§ 3.

Naar en Kirke overleveres til Menigheden, bør Provsten med to uvillige Udtægtsmænd foretage en nøjagtig Udtægtsforretning over Kirken, dens Ejendele, Ustensilier og Ornamente. Udtægtsmændene bør bestemme billig Aabod paa Kirken og dens Tilbehør, for saa vidt de finde det fornødent. For saa vidt Kirkens Portion ikke er tilstrækkelig, betales Aaboden af den fratrædende Tilsynsmand til Sogneudvalget, der modtager Kirken og dens Beholdning paa Menighedens Vegne. Ifald Kirken staar i Gæld til sin Tilsynsmand, og Udtægtsmændene bestemme en Aabod paa Kirken, bør Tilsynsmanden ikke desto mindre udrede Aaboden, men Udtægtsmændene bør taksere med hvor stor en Del Kirkens Gæld fremtidigt bliver at tilbagebetale ham af Kirkens Indtægt. Til denne Taksation udfordres Biskoppens Approbation. Har der været optaget et Laan af offentlige Penge, til at bygge Kirken for, skal paa samme Maade afbetales, hvad der resterer af Renter og Afdrag.

Nr. 22. Lov af 16. November om Tilsynet med og Værgemaalet for Kirker.

Nr. 22. Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með
 16. úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar.
 nóvbr.

Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess regluleg úttekt sje gjörð, ef samþykki hjeraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

4. gr.

Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6 % af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni allt að 10 % í innheimtulaun.

5. gr.

Nú hrökkva árstekjur kirkju, er söfnuður hefur tekið að sjer, eigi til lúkningar ámsgjöldum hennar, og má sóknarnefndin þá jafna niður því, er til vantar, sem aukagjaldi á sóknarmenn, þá er gjaldskyldir eru til kirkju, þannig, að helmingur gjaldsins greiðist eptir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskilinn mann.

Á sama hátt má sóknarnefnd jafna niður peningagjaldi í stað skylduvinnu sóknarmanna við kirkjubygging.

Sóknarnefndir innheimta gjöld þessi og skal hver húsráðandi inna þau af hendi fyrir sig og þá gjaldskylda menn, sem eru til húsa hjá honum. Gjaldldagi er 31. desbr. Taka má gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882 úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Dersom Kirkens forhenværende Tilsynsmand eller Sogneudvalget ikke er tilfreds med Udtægtsforretningen, kan der forlanges Overudtægt. Nr. 22.
16.
Novbr.

Sogneudvalget kan overtage en Kirke uden foregaaende regelmæssig Udtægtsforretning, dersom Herredsprovsten meddeler sit Samtykke dertil, og han afleverer Kirken.

§ 4.

De Menigheder, der overtage Tilsynet med og Værgemaalet for Kirkerne, ere alle de Forpligtelser undergivne, der have paahvilet dissers Ejere eller Tilsynsmænd, for saa vidt angaar Ombygning, Vedligeholdelse og Pasning af Kirken. Sogneudvalget oppebærer paa Menighedens Vegne Kirkens Indtægter paa den i Loven foreskrevne Maade og gør Kirkens Beholdning frugtbringende. For Inkassation og Ulejlighed tilkommer der Sogneudvalget 6 pCt. af Kirkens aarlige Indtægt. Dog kan Menigheden yde Sogneudvalget indtil 10 pCt. i Inkassationsaalær.

§ 5.

Naar en af Menigheden overtager Kirkes Aarsindtægt ikke strækker til til Afholdelsen af dens aarlige Udgifter, kan Sogneudvalget paaligne det manglende som Ekstraafgift paa de Menighedsmedlemmer, som svare Ydelse til Kirken, saaledes at Halvdelen af Afgiften paalignes efter Formue og Lejlighed, medens den anden Halvdelen fordeles lige paa alle de Afgiftspligtige.

Paa samme Maade kan Sogneudvalget paaligne Pengeydelse i stedetfor Menighedsmedlemmernes Pligtarbejde ved Kirkens Bygning.

Sogneudvalget indkræver Afgiften, der af enhver Husfader erlægges for ham selv og alle andre afgiftspligtige, som ere til Huse hos ham. Forfaldsdagen er den 31. December. For Afgiften kan Udpantning finde Sted overensstemmende med Lov af 16. December 1885.

§ 6.

Ved nærværende Lov ophæves Lov om Tilsyn med Kirker og Bestyrelsen af deres Formue af 12. Maj 1882.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.